

Firnatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903, um verzlunarskrár, firma- og prókúruumboð, hafa eftirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verzlunarskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Lúðvíg Lárusson tilkynnir, að hann reki verzlun í Reykjavík með alls konar varning undir firmanafninu »Vikingur«.

Firmað ritar Lúðvíg Lárusson þannig:

Verzlunin »Vikingur«

Lúðvíg Lárusson.

2. Knud Philipsen og Axel Andersen tilkynna, að firma þeirra »Philipsen & Andersen« skrásett 1. september 1908, sé upphafið frá 18. september 1909.

3. Firmað »Völundur«, hlutafélag í Reykjavík, tilkynnir, að hr. Magnús Th. S. Blöndahl sé hættur að vera framkvæmdarstjóri og prókúruhafi hlutafélagsins.

4. Jón Björnsson kaupmaður í Reykjavík tilkynnir, að hann haldi verzlun sinni áfram undir firmanafninu:

»Verzlunin Björn Kristjánsson«,

og ritar hann firmanafnið þannig:

Verzlunin Björn Kristjánsson

Jón Björnsson.

5. Hér með tilkynnist, að á aðalfundi 31. f. m. voru kosnir í stjórn hlutafélagsins «Félagsbókbandið» í Reykjavík þeir Ingvar Þorsteinsson formaður, Guðbjörn Guðbrandsson gjaldkeri og Lúðvík Jakobsson ritari, og einungis öll stjórnin ritar firmað.

Reykjavík, 2. febr. 1910.

Hlutafélagið »Félagsbókbandið«

Reykjavík.

Ingvar Þorsteinsson. Lúðvík Jakobsson,

Guðbjörn Guðbrandsson.

6. Hlutafélagið »Sápuhúsið« tilkynnir, að stjórnarskifti hafi orðið; hin eldri stjórn félagsins sé farin frá, og í þeirra stað hafi verið kosnir þeir verksmiðjueigandi Laurits Schau, H. C. Jensensvej 4 í Kaupmannahöfn, formaður félags-

stjórnarinnar, verksmiðjueigandi Holger Schau s. st. og Hans Fischer, Öster- **151**
brogade 122 í Kaupmannahöfn.

H Fischer er framkvæmdarstjóri félagsins og hefir einn rétt til að rita firmað, og ritar það þannig:

pr. H/F »Sápuhúsið«

H. Fischer.

7. Aðalumboðsmaður váttryggingarhlutafélagsins Hansa á Íslandi, Carl Trolle höfuðsmaður, tilkynnir: að félagið hefir fast aðsetur í Reykjavík og mun, auk hinnar umsömdu endurtryggingarstarfsemi fyrir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, taka að sér alls konar sjóskaðaábyrgðir.

Í stjórn félagsins eru:

Undiraðmírall Lenman, formaður, læknisráð R. A. Varinsky, verksmiðjueigandi P. M. Carlberg, forstjóri I. A. Björklund, váttryggingarstjóri C. J. Strömberg og váttryggingarstjóri John W. Lundin, allir búsettir í Stokkhólmi, og hafa þeir hver um sig rétt til að rita firmað.

Stofnfé hlutafélagsins, kr. 750.000, er alt borgað. Auk þess er vara-sjóður kr. 750.000. Ákvæðisverð hlutabréfanna er kr. 500, og hljóða upp á nafn.

Prókúru hefir aðalumboðsmaður félagsins hér á landi Carl Trolle höfuðsmaður samkvæmt umboði, dags. í Stokkhólmi 17. nóvember 1909, og ritar hann firmað þannig:

Forsikrings Aktieselskabet Hansa.

Generalagentur for Island.

Carl Trolle.

8. Hlutafélagið P. I. Thorsteinsson & Co. tilkynnir, að framkvæmdarstjóri Aage Möller í Kaupmannahöfn hefir prókúruumboð fyrir hlutafélagið.

Reykjavík, 9. septbr. 1910.

H./F. P. I. Thorsteinsson & Co.

Thor Jensen. Eggert Claessen.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. H./F. P. I. Thorsteinsson & Co.

Aage Möller.

9. Verzlunin Björn Kristjánsson í Reykjavík tilkynnir, að prókúra hr. Árna Eirikssonar, sem farinu er úr verzluninni, sé upphafinn, en í hans stað sé hr. verzlunarm. Einari Björnssyni, Hverfisgötu 7 Rvík, veitt prókúra, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlunin Björn Kristjánsson

Einar Björnsson

Reykjavík, 27. september 1910.

Jón Björnsson.

- 151** 10. Sigurjón trésmíðameistari Ólafsson og Johan Ishøy verzlunarmaður, báðir til heimilis hér í bænum, ætla að reka verzlun með alls konar húsgögn með ótakmarkaðri ábyrgð. Nafn verzlunarinnar er:

»Húsgagnaverzlunin Ísland«, og skrifum við firmað þannig:

Húsgagnaverzlunin Ísland.

Sigurj. Ólafsson. Johan Ishøy.

11. Firmað »Hlutfélagið Timbur- og kolaverzlunin Reykjavík«, rekur verzlun í Reykjavík. Lög félagsins dagsett 25. okt. 1910. Stjórn félagsins skipa T. Fredriksen og J. Evensen, báðir til heimilis í Reykjavík. Firmað ritar T. Fredriksen, sem hefir prókúru. Höfuðstóllinn er 27,600 krónur, sem skiftist í 46 hluti, hver 600 krónur. Hlutabréfin hljóða á nafn. Alt hlutféð er innborgað.

Firmað ritast þannig:

H./F. Timbur- og kolaverzlunin Reykjavík

T. Fredriksen.

Reykjavík, 28. október 1910.

Stjórn hlutfélagsins

T. Fredriksen.

J. Evensen.

12. Hérmeð tilkynnist, að prókúruumboð það, sem firmað H. Th. A. Thomsen á sínum tíma veitti herra Karli Nikulássyni, afturkallast frá 15. nóvember þ. á. Jafnframt tilkynnist að herra Árne Sighvatsson hefir fengið prókúruumboð fyrir firmað H. Th. A. Thomsen frá 15. nóvbr. 1910.

Herra Árne Sighvatsson mun undirskrifa:

pr. pr. H. Th. A. Thomsen

Árne Sighvatsson.

II. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

Hlutfélagið P. I. Thorsteinsson & Co. tilkynnir til firmnaskrárinnar, að framkvæmdarstjóri Aage Möller í Kaupmannahöfn hafi prókúruumboð fyrir hlutfélagið.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. H./F. P. I. Thorsteinsson & Co.

Aage Möller.

III. Arnessýsla.

1. Hlutfélagið »Kaupfélagið Hekla« á Eyrarbakka tilkynnir, að sú breyting hefir orðið á stjórn þess, að í stað Kristjáns heit. Jóhannessonar er nú með-

stjórnandi: Guðmundur Þorvarðarson bóndi í Sandvík, en kaupstjóri: Guðmundur Guðmundsson kaupmaður í Reykjavík, og hefir hann rétt til að rita firmað einn.

151

2. Stórkaupmaður J. A. Lefolii tilkynnir, að verzlun sú, er hann hefir að undanförunu rekið á Eyrarbakka undir firmanafninu J. R. B. Lefolii, sé hætt.
3. »Hlutafélagið verzlunin Einarshöfn« rekur verzlun þá og aðra atvinnu, er áður rak stórkaupmaður J. A. Lefolii undir firmanafninu J. R. B. Lefolii. Félagið hefir því tekið við öllum fasteignum á Eyrarbakka, í Eyrarbakka- og Sandvíkurhreppum, á Stokkseyri og í Þorlákshöfn í Árnessýslu, ásamt öllum innanstokksmunum, vörubirgðum o. fl., er áður áttu nefnt firma og stórkaupmaður J. A. Lefolii, og ennfremur útistandandi skuldum firmans og vélakúttar »Hjálparinn«; svo hefir og félagið tekið að sér skyldur þær, er á nefndu firma hvíldu til viðskiftamanna og annara á Íslandi Samþykktir félagsins eru dagsettar 4. maí 1910. Aðalaðsetur og skrifstofa þess er á Eyrarbakka. Upphæð hlutafjár er 150.000 kr., og er því skift í 1000 kr., 100 kr. og 50 kr. hluti. Hlutabréfin eru merkt með bókstöfunum A., B. og C., og hljóða á nafn; hlutirnir eru þegar goldnir að fullu. Ákvæði eru engin um það, hvort birta skuli auglýsingar til félagsmanna í almennum fréttablöðum. Í stjórn félagsins eru þessir fjórir: Grosserer Jakob Andreas Lefolii, Sct. Annæplads 16, Köbenhavn, Overretssagfører Christian Ludvig Julian David, Slotsholmsgade 18, samast., Rentier Elias Magnus Olsen, Martensensallé 5, Frederiksberg, og Cand. juris Jón Hjaltalín Sveinbjörnsson, Paludan Müllersvej 3, samast. Heimilt að rita firmað er stórkaupmanni Jakob Andreas Lefolii, og annars tveim úr stjórninni í sameiningu; stjórnin getur veitt einum manni eða fleirum, hverjum út af fyrir sig eða í sameiningu, heimild til að rita firmað pr. prókúra.
4. Stórkaupmaður Jakob Andreas Lefolii fyrir hönd firmans »Verzlunin Einarshöfn h/f« á Eyrarbakka tilkynnir, að Jens Daniel Nielsen sé veitt prókúrumboð fyrir téð firma og þar með réttur til að rita firmað. Þó með þeim takmörkum, sem um er getið í lögum um verzlunaskrár, firmu og prókúrumboð frá 13. nóv. 1903, 25. gr., síðustu málsgrein.

IV. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Jón Björnsson frá Bæ og Jón Björnsson frá Svarfhóli, báðir til heimilis í Borgarnesi, reka þar í félagi verzlun undir firmanafninu »Jón Björnsson & Co.«. Hvor um sig hefir ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans og rétt til að rita það.

151

V. Snæfellsness og Hnappadalssýsla.

Hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. tilkynnir, að framkvæmdarstjóri Aage Möller í Kaupmannahöfn hafi prókúruumboð fyrir hlutafélagið.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. H/F P. J. Thorsteinsson & Co.
Aage Möller.

VI. Dalasýsla.

Samkvæmt skýrslu frá bankastjóra Birni Sigurðssyni í Reykjavík er hann genginn úr félaginu »Verzlun Sigurðssona« í Búðardal, og er því strikaður út í firmnabók Dalasýslu.

VII. Barðastrandarsýsla.

1. Margrét Ólsen tilkynnir, að hún reki verzlun á Vatneyri við Patreksfjörð undir firmanu M. Ólsen. Prókúru hefir Björn Ólsen.
2. Hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. tilkynnir, að framkvæmdarstjóri Aage Möller í Kaupmannahöfn hafi prókúruumboð fyrir hlutafélagið. — Prókúruhafinn ritar firmað þannig:
p. p. H/f. P. J. Thorsteinsson & Co.
Aage Möller.

VIII. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. 18. apríl er tilkynt, að Þórarinn Bjarnarson í Khöfn hafi afhent Magnúsi Torfasyni bæjarfógeta á Ísafirði sinn hluta í »Konservesfabriken Ísland».
2. Tilkynt að verzlunarfirmað Hálfván Örnólfsson & Co. sé hætt.
3. Jónas Jónasson og Jóhann J. Eyfirðingur reka verzlun með fullri ábyrgð í Bolungarvík með firmanafninu: Jónas Jónasson & Co. Rita firmað hvor um sig.

IX. Skagafjarðarsýsla.

1. Ekkjufrú Emilie Antoinette Popp, til heimilis í Kaupmannahöfn, rekur verzlun á Sauðárkrók og Hofsóss með firmanafninu »L. Popp«. Forstjóri verzlanna Chr. Popp á Sauðárkrók hefir rétt til að rita firmað.
2. Ólafur Helgi Jensson og Jón Björnsson reka í félagi verzlun í Hofsóss með firmanafninu »Ó. Jensson & J. Björnsson«. Firmað ritar hvor þeirra með fullu gildi og fullri ábyrgð.
3. Stjórn Kaupfélags Skagfirðinga tilkynnir, að prókúruumboð Pálma Péturssonar á Sauðárkrók sé úr gildi numið, og að prókúra sé aftur veitt Gísla Jónssyni á Sauðárkrók, sem jafnframt er orðinn framkvæmdarstjóri í stað Pálma Péturssonar.

Sú breyting er orðin á lögum félagsins, að félaginu stjórnar 3 manna nefnd í stað áður 5 manna nefnd.

X. Seyðisfjarðarkaupstaður.

Bú Pöntunarfélags Fljótdalshéraðs hefir verið tekið til skiftameðferðar sem þrotabú, og er félagið því hætt allri starfsemi sinni.

XI. Suður-Múlasýsla.

Hlutafélagið »Framtíðin« á Seyðisfirði, rekur einnig verzlun á Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu og á Djúpavogi í sömu sýslu.